

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2460

2018/EES/25/06

frá 30. október 2017

um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt að því er varðar skrána yfir tilvísunarrannsóknarstofur Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almennar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits, m.a. til að staðfesta að reglur um hollustuhætti á sviði matvæla séu virtar. Í samræmi við þá reglugerð bera tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins (hér á eftir nefndar tilvísunarrannsóknarstofur ESB) einkum ábyrgð á að útvega landsbundnum tilvísunarrannsóknarstofum upplýsingar varðandi greiningaraðferðir og á samræmdri notkun slíkra aðferða. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB eru skráðar í VII. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Vinnuáætlun tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir mjólk og mjólkurafurðir miðar í meginatriðum að því að útvega greiningaraðferðir og tryggja sameiginlega nálgun að frammistöðuprófunum milli rannsóknarstofa sem landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur sjá um m.t.t. gæðastika (e. *quality marker*), s.s. frumutölu og sýkla. Nýjasta sérfræðipækning, að því er varðar hvernig eigi að framkvæma þessar greiningar á tilhlýðilegan hátt, er nú í föstum skorðum, bæði á opinberum rannsóknarstofum sem inna af hendi opinbert eftirlit og hjá rannsóknarstofum sem matvælafyrirtæki nota sífellt oftar til að greina þessa stika sem eru þáttur til að ákvarða verð fyrir mjólk sem er safnað á búinu.
- 3) Ekki er lengur þörf fyrir tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir mjólk og mjólkurafurðir innan Sambandsins. Því ætti að fjarlægja hana af skránni yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB sem sett eru fram í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004.
- 4) Því ætti að breyta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í I. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 falli 1. liður brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 348, 29.12.2017, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
